

**Ed.**

### **397. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild til þess að taka eignar- og leigunámi nokkur lönd á hverasvæðinu í Ölfusi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar, sent það bæjarráði Reykjavíkur til umsagnar, og hefur nú horið umsögn ráðsins, dags. 9. þ. m., þar sem því er lýst yfir, að það telji æskilegt, að hið umrædda land verði eign hins opinbera. Þá hefur nefndin rætt málið við flutningsm. og fengið hjá honum nánari upplýsingar um málið. Hefur nefndin orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

#### **BREYTINGUM.**

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Takist ekki samkomulag við núverandi ábúanda Vorsabæjar um afnotamissi á því landi, sem væntanlegur skipulagsuppdráttur nær yfir, er ríkisstjórninni heimilt að taka afnotarétt ábúandans á því landi eignarnámi.

2. Fyrirsögn frv. orðist svo:

Frumvarp til laga um heimild til þess að taka eignarnámi nokkur lönd á hverasvæðinu í Ölfusi.

Alþingi, 12. maí 1942.

Sigurjón Á. Ólafsson,  
form.

Ingvar Pálmason,  
fundaskr., frsm.

Magnús Gíslason.